



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland 2025-2026

Stjórnarfundur 26. ágúst 2025 v.01

**Staðsetning fundar:** HMS Borgartúni

**Dagsetning:** þriðjudagur 26. ágúst 2025 kl. 15:00

**Mætt:** Alex, Anna Kristín, Anna Sigríður, Bergþóra, Elín, Sirrý, Sunna. Áróra Árnadóttir heimsótti fundinn.

**Fundarritari:** Anna Kristín

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2024-2025:

1. Anna Kristín Hjartardóttir (AKH), meðstjórnandi – EFLA - [anh@efla.is](mailto:anh@efla.is)
2. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), meðstjórnandi – [sunnasigmarsdottir@gmail.com](mailto:sunnasigmarsdottir@gmail.com)
3. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - [sirry@hornsteinn.is](mailto:sirry@hornsteinn.is)
4. Elín Þórólfsdóttir (EP), meðstjórnandi – HMS – [elin.thorolfsdottir@hms.is](mailto:elin.thorolfsdottir@hms.is)
5. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – [annasj.ark@gmail.com](mailto:annasj.ark@gmail.com)
6. Alex Ingi Espersen (AIE), meðstjórnandi – [alexe@cowi.com](mailto:alexe@cowi.com)
7. Bergþóra Góa Kvaran (BGK), meðstjórnandi – [bergthora.kvaran@uos.is](mailto:bergthora.kvaran@uos.is)

Katarzyna Anna Jadodzinska –starfandi framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – [kjag@graennibyggd.is](mailto:kjag@graennibyggd.is).

### Dagskrá fundar:

#### 1. Almenn

Sjá önnur málefni.

#### 2. Nýr framkvæmdastjóri

Nýr framkvæmdastjóri; Núverandi framkvæmdastjóri er í 100% starfi, bæði sem framkvæmdastjóri og verkefnastjóri, vill halda áfram eftir að ljóst er orðið að framkvæmdastjóri í fæðingarorlofi hefur sagt upp. Stjórn samþykkti einróma að bjóða framkvæmdastjóra áfram starf og gera við hann nýjan samning. Stjórnarformaður hefur samband við framkvæmdastjóra og tilkynnir ákvörðun stjórnar.

#### 3. Morgunfundir

Ekki rætt, stjórn einbeitir sér að DGB og skoðar dagskrá morgunfunda í kjölfarið.

#### 4. Verkefni skrifstofu

Ekki var farið yfir störf á skrifstofu en framkvæmdastóri sendi glærur með samantekt og lýsingu á störfum skrifstofu. Rætt var hvort til væru verklagsreglur um störf starfsmanna á skrifstofu, s.s. lágmarks viðveruskyldu starfsmanna á skrifstofu, lýsingu á störfum framkvæmdastjóra og fleiri verkefni starfsmanna GB.



## 5. Græna skóflan (GS)

Byrjað er að taka við tilnefningum. Uppfært einkunnarkerfi er í þróun hjá þremur stjórnarmeðlimum. Klára þarf spurningalista sem sendur verður á ábyrgðaraðila tilnefndra verkefna fyrir 3.september. Skila þarf niðurstöðum fyrir Grænu skófluna 2. október.

Rætt var um lógó fyrir GS sem verðlaunahafar geti notað í kynningarefni s.s. á heimasíðum. Ákveðið var að setja ekki fjármuni í að gera lógó að þessu sinni. Umræður um einkunnakerfið. Stjórnarmeðlimir taka að sér að uppfæra matsskjal fyrir matsferlið.

Ný verðlaun fyrir endurbætur, verðlaunahafar fá viðurkenningaskjal.

Fjöldi tilnefninga til Grænu skóflunnar 2024 voru á mill 10-20.

## 6. Dagur grænni byggðar - DGB

Atburður var færður til 8.10.2025 vegna annars viðburðar af svipuðu tagi. Búið er að bóka salinn. Stjórnarformaður kynnti uppstillingu á viðburðum fyrir DGB, áhersla verður lögð á innivist, heilsu og vellíðan.

Aðal fyrirlesari verður Natalia Olszewska frá Impronta sem búin er að staðfesta, heldur fyrirlesturinn á Teams undir yfirskriftinni: From human sustainability to buildt healing environments.

Nokkrir aðrir fyrirlesarar búnir að staðfesta, aðrir ekki.

Tillaga var að allar glærur fyrirlesara yrðu bundnar saman og útlit samræmt, starfsmaður GB gæti séð um það.

Rætt um fleiri erindi á DGB og hverjir ættu að taka þátt í pallborði, nokkrar tillögur komu upp til að skapa breidd og fjörugar umræður. Ákveðið að ASJ stjórnarmaður leiði pallborð.

Framkvæmdastjóri var með fyrirspurn um fjölda miða til aðildafélaga og verðlagningu á miðum. Stjórnarmenn óskuðu eftir tillögu frá framkvæmdastjóra.

## 7. Samskipti og kynningarmál

Ekki rætt

## 8. Starfsmannamál

Rætt um tillögur framkvæmdastjóra um launakjör starfsmanna. Ákveðið var að stjórnarformaður myndi kynna framkvæmdastjóra viðhorf stjórnar til tillögunnar.

Rætt um verkefnastöðu og hvort bæta þurfi við starfsmanni ef verkefnastaðan eykst.

## 9. Annað

Ekki rætt. Næsti stjórnarfundur verður 30.09.2025 kl. 15:00.